

# Fundur svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs Gljúfrastofu 21 júní. 2014 kl 12:00

**Mættir:** Böðvar Pétursson Skútustaðahrepp , Grétar Ingvarsson frá samtökum útivistarféлага, Sigurjón Benediktson og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ:

1. Umsókn Active North um leyfi fyrir skúr.
2. Staða mála við Dettifoss.
3. Ábendingar frá Sigurjóni Benediktsyni.
4. Önnur mál.

1. **Umsókn Active North:** Umsóknin um að setja upp sama hús og í fyrra var afgreidd í tölvupóstsamskiptum með þeim meðmælum til framkvæmdstjóra (Hjörleifur lýsti sig vanhæfan) að leyfa uppsetningu skúrsins út sumarið. Sigprúður Stella Jóhannsdóttir hafði þá gert eftirfarandi bókun með tölvupósti: *Ég vil ítreka fyrri afstöðu mína varðandi staðsetningu hestagerðisins og þá hússins um að ég tel að þau eigi ekki að vera staðsett á þessu svæði. Í gildandi deiliskipulagi um Ásbyrgi <http://www.nordurthing.is/static/files/deiliskipulag/kelduverfi/asbyrgi-n-001838.pdf> var einmitt lögð áhersla á að engin mannvirki yrðu á þessum reit utan tjaldsvæðisins.* Sigurjón bókar sérstaka ánægju með meðmælin.
2. **Dettifoss:** Böðvar kynnti nýlegan samning milli þjóðgarðs og landeigenda Reykjahlíðar. Sigurjón taldi samningin vandan en Böðvar ítrekaði að hann viðurkenndi á engan hátt rétt Reykjahlíðar til gjaldtöku. Einnig voru ræddar framkæmdir sem fengu styrki úr framkvæmdajóði ferðamanna nýlega, göngustígar og pallar.

Bókun Sigurjóns Benediktssonar með tölvupósti:

*Ég undirritaður tel kynnt samkomulag stjórnar þjóðgarðsins og landeigenda við Dettifoss vera mistök sem mun leiða til vandræða og illdeilna þegar framkvæmdum er lokið og boðuð gjaldtaka landeigenda hefst. Með samkomulaginu er réttur almennings skertur og landeigendum afhentur réttur sem ekki er þeirra. Samkomulagið hefur aldrei verið kynnt svæðisráði með möguleikum á athugasemdum. Undirritaður telur að stjórn garðsins hafi gert mistök í samskiptum við landeigendur. Einnig er rétt að kryfja hversvegna framkæmdir opinberra aðila við Dettifoss séu utan þjóðgarðsmarka og hvernig megi tryggja að slíkt hendi ekki aftur. Fyrirhugaðar framkæmdir hafa ekki verið kynntar svæðisráði sérstaklega en svæðisráði er þó treyst til að hafa skoðun á hestagerði við Ásbyrgi.*

Böðvar Pétursson bókar með tölvupósti:

*Mér finnst eitt atriði í bókun Sigurjóns rangt. Þ.e. þar sem hann segir að svæðisráð hafi ekki haft tækifæri til að koma fram með athugasemdir við samkomulagið. Ég sendi svæðisráði drög að samkomulagi áður en það var tekið til afgreiðslu í stjórn og óskaði eftir athugasemdum. Fékk engar og var því í góðri trú að vinna málið áfram á vetvangi stjórnar.*

3. **Ábendingar frá Sigurjóni Benediktsyni:**

- *Göngustígar að Dettifossi austanverðum væru ekki boðlegir.* Þjóðgarðsvörður svaraði því til að vissulega hentuðu þeir ekki öllum, en þar sem umferðin væri að færast vestan megin ár væri ástæða til að einbeita sér að uppbyggingu þar.
- *Ryk á 862 gerði veginn í sjálfu sér ófæaran og stórhættulegan.* Þjóðgarðsvörður sagði frá því að eins og flest ár hefði hann beðið um rykbindingu en VG ekki treyst sér í það verkefni vegna fjárskorts.
- *Taka ætti upp samráð og kynningu við nýkjörnar sveitastjórnir.* Fundarmenn tóku vel í að drífa í að finna fundum stað strax á haustdögum.
- *Athuga að eiga góð samskipti við ferðafélög og ferðapjónustuna.* Fundarmenn sammála ábendingunni, að hér eftir sem áður fyrr væri þetta mikilvægt.

4. **Önnur mál**

- A. Hjörleifur greindi frá því að hann færi í námsleyfi frá og með 1.Október og fram yfir áramót.
- B. Hjörleifur greindi frá framgangi deiliskipulagsgerðar fyrir mynni Ásbyrgis.

Fundi slitið

13.16